# Viðauki við stofnanasamning Þekkingarseturs Þingeyinga og Félags íslenskra náttúrufræðinga, dags. 8. september 2006

Með þessum viðauka hefur að fullu verið tekið tillit til 3. greinar í samkomulagi um breytingar á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og FÍN sem undirritað var 18. mars 2005.

Þar kemur fram að 1. maí 2007 skuli 2% vera nýtt til styrkingar/þróunar launakerfisins. Til að mæta þessu ákvæði eru samningsaðilar sammála um að framkvæmd þessa ákvæðis sé með eftirfarandi hætti:

Samkomulag hefur náðst um að bæta við einum launaflokki til viðbótar við starfsreynslu eftir 3 ár í starfi frá og með 1. ágúst 2007.

***Hluti greinar númer 2.2.1 Einstaklingsbundnir þættir undir liðnum "Reynsla" í stofnanasamningi Þekkingarseturs Þingeyinga og Félags íslenskra náttúrufræðinga, dags. 8. september 2006 mun taka eftirfarandi breytingum samkvæmt því frá og með 1. júlí 2007:***

*Reynsla:*
Með starfsreynslu í samningi þessum er bæði átt við:
a) vinnu á fagsviði eftir að háskólanám er hafið
b) nám og vinnu á fagsviði að loknu BSc/BA prófi.

| | |
|---|---|
| 1 ár í starfi | 1 launaflokkur |
| ***3 ár í starfi*** | ***1 launaflokkur til viðbótar*** |
| 5 ár í starfi | 2 launaflokkar til viðbótar |
| 7 ár í starfi | 1 launaflokkur til viðbótar |

Liðirnir *Menntun* og *Endurmenntun* í ofangreindri grein munu standa óbreyttir.

**Gildistími.**
Viðauki þessi gildir frá 1. ágúst 2007 og er breyting á stofanasamningi Þekkingarseturs Þingeyinga og Félags íslenskra náttúrufræðinga, sem undirritaður var 8. september 2006.

Reykjavík, 2. september 2008

F.h. Þekkingarseturs Þingeyinga

Aðalsteinn Á. Baldursson

F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Maríanna H. Helgadóttir